

Öræfatöfrar

Guðmundur Einarsson frá Miðdal

Grein; tímaritið *Perlur* 1930, bl. 119-125

Vorgesturinn okkar, helsinginn, hefur yfirgefið mýrardælurnar og bláu heiðarvötnin. Langar oddfylktar raðir stefna í norðurátt og ber nú við heiðríkjuna. Það er merki þess að snjórinn er horfinn af hálendi og verin upp við jökulrendurnar eru gulleit af safamiklum starkólfi.

Hugurinn leitar í sömu átt og helsingjarnir stefna. Góðveðursdag einn er allur ferðabúnaðurinn borinn út á hlað. Tjöldin spennt úr og vetrarrykið hrist af þeim. Skrínur eru treystar, dýnur fóðraðar, hver spotti og nagli athugaður. Því uppi á öræfum eru jökulár og fúnir mýrarflákar svo illir viðureignar að jafnvel einn ryðgaður nagli eða ótryggur spotti getur orðið mönnum og hestum til ógæfu.

Fyrir tveimur mánuðum síðan, uppi á hjarnbreiðum Alpa fjalla var maður frjáls og óháður eins og örninn. En að ferðalokum beið manns niður í dalnum luralegur járnbrautarvagn, lyktandi af kolareyk og olíufýlu. Því hlær mér nú hugur meðan ég er að festa í klifsöðla móttök og ólar; ég hugsa til fimmtán hesta sem bíða mín austur í Tungum. Þar á meðal ótemjur og kviðdregnir gæðahestar. Langir listar eru skrifaðir og þriggja vikna forði áætlaður. Maður skrifar, strikar út, áætlar, skrifar aftur og er allur í uppnámi.

Sól, sumar og heiðríkjudagar. Fyrstu dagana rífur maður af sér naglir, rispar sig og fær bakverk af því að nostra við skrínurnar. Mann verkjar í mjaðmirnar af að liggja á harðbala í tjaldinu, og að morgni, þegar lagt er af stað, kastar rauða ótemjan mín sér þversum yfir einn áburðarhestinn, dansar svo á afturfótunum út um alla móa, bítur og slær. Af einum hestinum eru skrínurnar slegnar langt út á mel, hesturinn ærist, slítur af sér allar gjarðir, Nautlatur klárinn hleypur með eldingarhraða, sperrtur og snarlegur eins og villidýr. Gott að skrínurnar voru járnbentar og ekkert brothætt í þeim.

Um nótt erum við á ferð um eyðisand, Dögginn þokar sér upp úr lautunum, mildar allar línur og blandar gráföllum tón í lit næturinnar. Lengst í burtu bjarmar af jökulbungum, nær eru fölblá fjöll. Lóan er sofnuð, en einstaka spói skríður steinþegjandi út mela, með kryppu upp úr bakinu. Enginn vill rjúfa helga þögn júlínæturinnar. Hugur manns er eins og stöðuvatn sem er nývaknað úr fjötrum vetraríss, bylgjur vorsins hefjast og hníga, leita fjarlæggra stranda.

Í Lambafellsveri sláum við tjöldum. Helsingjabræður teygja upp höfuðin langt úti á flóa, en stinga þeim svo strax aftur undir væng. Sofi þeir sem sofa vilja.

Ofan af Lambafelli sér maður tinda Kerlingarfjalla, Hvítárvatn spegilslétt og svo hvítar jökulbungur. Nú er tími til að færa fórnir.

Hugurinn reikar til fornra atburða á fjöllum. Norður á milli jökla sjást bungumynduð fjöll Kjalarins. Snjór er ennþá á hæstu leitum. Ég minnst þess að fyrir fimm árum gengum við átta félagar frá Akureyri til Reykjavíkur. Þá hittum við annan ferðamannahóp við hliðar Rjúpnafells. Við tjölduðum á Hveravöllum. Það var fjölmennasti hópur sem ég hef séð á Kili.

Leiðarstjörnur sextán fjallavina stefndu hugum þeirra að hreysi Fjalla-Eyvindar við Öskurhól. Á Hveravöllum eru allir vinir, því allt er þar hlýlegt og litað björtum litum

vináttunnar. Við þetta tækifæri var efnt til veislu á Hveravöllum, pönnukökur bakaðar á tveimur eldavélum í fjóra tíma samfleytt og hlaðið í hrauka á kofahurðina þar á staðnum. Að veislulokum skildust leiðir.

Við félagarnir gengum fram Þjófadali og Fögruhlíðar, skoðuðum íshella og fossa við upptök Fúlukvísar. Gengum síðan yfir Hrútfellsöxl á Langjökul.

Við sólarupprás stóðum við á fjallseggjum við Karlsdrátt og horfðum yfir Hvítárvatn og skriðjökla Skriðufells. Við vorum steinþreyttir eftir sextán tíma göngu og seinlegt þóf á jöklinum. Þá var það að töfrar fjallanna birtust okkur í sinni dýrðlegustu mynd: Morgunroði með tvöfaldri geislan frá jökli og vatni. Geislabrot með öllum regnbogans litum. Purpurarauður bjarmi með ólgu norðurljósanna. Ég minnst þessarar stundar eins og helgidóms, því fegurð hennar og kraftur var ómótstæðilegur. Þreyta, hungur og svefnleysi, allt var horfið á svipstundu. Við vorum nýir menn, svo að eftir fjóra tíma, þegar við vorum búnir að koma farangri okkar niður í Fróðárdal, þá lögðum við af stað til að skoða hinar ægilegu jökulsprungur í skriðjöklinum við Karlsdrátt. Gengum eftir mjóum spöngum upp í eggjar jökulsins sem rifnaði með þungum dýnkjum um leið og morgunsólin tók að verma hann. Háir ísturnar steiptust með þrumugný út í Hvítárvatn og 30 til 40 metra vatnsstrókar þeyttust upp í loftið.

Líka minnst ég fyrstu ferðar minnar í kring um Langjökul. Við vorum þrír saman félagar, gangandi og fátæklega búnir, með gráan uppgjafahest í taumi. Við fengum þriggja daga frosthríð á fjöllum og þreifandi hrímþoku á Stórasandi. Hjá Hundavötnum lentum við í sandbleytum og síðar í mýrarfláka svo grautfúnum að þúfurnar sukku undan fótunum og Gráni gamli greip sundtökin. En fyrir sunnan jökla sáum við svo dýrðlegan kvöldroða og töfrandi bjamasveipi yfir jöklunum að allir erfiðleikar gleymdust á svipstundu.

Kerlingarfjöll eru fegurstu líparítfjöll á Íslandi. Tindar þeirra eru svo margbreytilegir að þeir minna á austurlensk hof. Liturinn er líka breytilegur, allt frá rauðglum sólarlit niður í þungan bláma. En skriðjökultungur og fannir mynda miklar andstæður. Há bunga lyftir tindaröðunum yfir eyðilegt umhverfið. Topparnir gnæfa þarna eins og listaverk á hæfilegum stalli.

Nú höfum við dvalið viku við Hvítárvatn og Kjöl. Af Rauðkollu hinum syðri höfum við séð sæþoku klæða allt Norðurland, teygja anga sína upp Tjarndali og umykja "Skúta á Sandi". Við ákveðum að skoða hinn fræga Hveradal í Kerlingarfjöllum sem Daniel Bruun hefur lýst með mörgum óviðeigandi orðum og kallar: "den mest udmærkede Dekoration til Helvede" (albestu skreytingu helvítis, þýð. ATG)

Á daginn er geysilegur hiti svo við veljum nóttina til ferðar, enda eigum við þá nærri víst að lenda ekki í hrakningum við Jökulfallið.

Eftir því sem nær dregur fjöllumum tapast hinar fögru heildarlínur, en naktir, hrikalegir tindarnir gnæfa við himinn. Hér eru trölíð Loðmundur og Kerlingin sem fjöllin draga nafn sitt af. Þar að auki ótal steinrunnar kynjamyndir.

Í Árskarði er gott að gista. Tjöldin okkar þrjú standa hlið við hlið og minna á lítinn kotbæ. Sólbrennt fólk í léttum klæðum tekur í mali sína mat til dagsins og svo er lagt á fjöllin.

Besta leiðin í Hveradalinn er yfir öxl Hveradalshnúksins. Þegar upp er komið blasir við augum hið stórfenglega umhverfi dalsins, tindaraðir og jökuldregin fjöll. Dalurinn sjálfur er eitt litahaf og gufustrókarnir gersamlega óteljandi í köldu morgunloftinu. Jökulvatn hefur grafið ótal gil um allan dalinn en á milli eru háir hryggir, litaðir þeim skærustu litum sem til eru. Það er eins og náttúran hafi ákveðið að skreyta þennan eyðidal með öllum sínum fegurstu litum; mest ber þó á gulum og grænum lit brennisteinsins. Úr óteljandi holum og svelgjum streymir gufan með þungun hvalablæstri og í giljum eru tvær eða þrjár raðir af blásturholum sem spúa að manni eimyrju eins og drekar fornaldar. Í völdundarhúsum þessum, sem liggja um allan dalinn, er hægt að tapa áttum og ég hygg að engum manni muni auðnast að skoða þennan "Þúsund hvera dal" til fullnustu.

Grasteygingar eru hér og hvar í suðurhlíðum dalsins. Lambahópur lék sér þar í geislum morgunsólar, drifhvít, frjálsleg fjallabörn.

Af hæstu tindum Kerlingarfjalla mun vera einna fegurst fjallasýn á vesturöræfum. Á jöklunum er aðdragandinn svo mikill að alltaf tapast nokkur partur sjóndeildarhringsins. Hérna uppi er maður staddur á fleygmynduðum kambi með víðáttuna til allra hliða.

Lýsingar á útsýni af fjöllum verða venjulega mjög barnalegar. Það er að sínu leyti eins erfitt að lýsa sjónarhæð fuglsins eins og ætla sér að mála sólina. Fjallamenn eru líka mótaðir af hinum þögla skóla geigvænlegra tinda.

Hljóðfalli brimsins, vorþyt í grasi og noðurljósadansi vetrarins hefur verið lýst meistaralega á öllum öldum. En töfrar fjallanna bíða eftir sínu skáldi.

Maður getur gert sér grein fyrir því sem er næst auganu hér við tindinn. Hvítárvatn liggur þarna gulgrátt, oxíðgrænir skuggar af jökulbrúnum kljúfa vatnsflötinn, en gulstörin í Hvítárnesi veldur ljósgrænum litrofum þar sem hana ber við rauða mela. Hrótfell gnæfir yfir Langjökul með snæhjálmi og úfna skriðjökla fallandi í norðurátt og þrjá hundruð metra háa ísfossa sem brotist hafa í gegnum blágrýtisveggi. Við rætur Blágnípu undir Hofsjökli glitra ótal smátjarnir og hundruð silfurlækir liðast um sandana. Meðfram Illahrauni rísa háar hraunbogir og víða hefur heljarþungi streymandi steinflóða hlaðið múra og reist heila hóla upp á rönd. Maður sér Þjórsá næstum frá rótum, hún bugðar sig undir sól að sjá. Sex jöklar breiða út skjaldþök sín móti blámóðu sjóndeildarhringsins. Á takmörkum þess sjáanlega byrja töfrarnir, Mælifellshnúkur virðist hafa þrjár turnspíur og líkist síamísku mustri. Austur á milli jökla leikur allt í hillinum; hvítar borgir við gljáandi vatnsfleti. Þar sem annars ætti að vera Ódáðahraun, falla nú freyðandi fossar úr ómælishæð. Í suðri velta rósrauðir hafþokubakkar inn yfir Mýrdalsfjöll, uppi yfir bólstrunum glitra skörðóttar tindaraðir; þær rísa og falla á ný.

Um miðaftansleytið erum við stödd við lóðrétta hamraveggi Loðmundar. Þarna á smáfugl hreiður sitt í urðarkambi milli tveggja jökulgeira; hann barmar sér hörmulega og lætur sig velta á jökulröndinni og liggur sem væri hann steindauður, Gangi maður í áttina að hreiðrinu, þá leggst hann við fætur manns, alveg örvita af skelfingu.

Vafalaust hefur þessi litli vinur flúið undan ofríki manna og katta upp í auðnina og lifir nú harma sína alla upp í einni svipan, Mikið vildi ég gefa til að eiga þá gáfu að geta talað við þennan smælingja.

Næsta dag stendur til að ganga á Blágnípu, en á leið inn með Jökulfallinu sjáum við ýmsa forboða þess að þetta mni vera óráð. Í suðaustri gjósa upp kolmórauðir sandmekkir; þeir velta með feiknahraða inn yfir fjöllin, reka sig á snasir og tinda og um leið gýs upp löður sem teygir sig eins og ránfuglsklær út yfir láglandið, Við snúum við og það stendur heima, þegar við komum að tjöldunum eru hælur farnir að losna og sviptivindar ofan úr skarðinu lemja voðirnar svo að skellir heyrast langt í burtu.

Nú er að sæta lagi með að fella tjöldin, en þar sterkasta er stjórað niður með reipum. Að vörmu spori er komið þreifandi moldviðri. Sandurinn er áleitinn. Þótt dyttað sé að öllum gættum þá leitar hann á mann, fyllir augu, munn og nef, skriður niður eftir hryggnum og allur matur blandast sandi svo það marrar undir tönnum. Hestarnir leita heim að tjaldinu og hama sig í hléi við það. Þeir smáglefsa hver í annan og gefa hver öðrum hornauga því þá uggir að vandræði séu á ferð. Bara að tjaldið haldi nú! Sjö manns styðja það með bökum og kveðast á. Prímusinn suðar milli tveggja kofforta. Þau eru varin með segldúk fyrir vindstrokum.

Um miðaftan hefur stormurinn náð hámarki. Fossarnir uppi í gilinu standa beint út frá berginu, leysast upp í úða og rjúka út í buskann. Vindgnýrinn í tindunum er orðinn að geigvænlegu öskri, en samanbarðir, eldrauðir skýjabólstrar liggja yfir Hveradalnum. Sterkur kvöldroði leggur blessun sína yfir allar þessar hamfarir.

Blásið þið vægar, vindar! Því á morgun langar okkur til að fara yfir Illahraun, skoða Helsingjavatn og tröllsleg gljúfur Blautukvíslar.